

55 aðrar verksmiðjur, sem vinna úr fiski, 5. hraðfrystihús, 6. síldarverksmiðjur, 7. síldarútvegsnefnd, 8. síldarsaltendur, 9. fiskimálanefnd, 10. fiskútflytjendur, 11. fiskverkunarstöðvar. Atvinnumálaráðherra ákveður fyrirkomulag skýrslusöfnunarinnar með reglugerð, að fengnum tillögum Fiskifélagsins.

4. gr.

Fiskifélag Íslands sér fyrir eyðublöðum til skýrslusafnenda, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu.

5. gr.

Vanræki einhver að gefa skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum eða þeim reglugerðum, sem út verða gefnar samkvæmt þeim, sæti sá sektum, 25—100 kr. á dag frá þeim degi að telja, er skýrsla skal síðast gefin.

6. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 26 27. júní 1925, um aflaskýrslur.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

56

L Ö G

27. júní

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal:

- a. slysatryggingardeild tryggingarstofnunar ríkisins greiða uppbætur á dagpeninga, dánarbætur og örorkubætur til slysbyggðra manna eða skylduliðs þeirra í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar.
- b. hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga samkv. 1. málsg. 35. gr. hækka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.
- c. lífeyrissjóður Íslands greiða 30% — þriðju af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. laganna.
- d. innheimta iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands samkv. 1. tölul. 49. gr. með viðauka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar 1. apríl það ár, sem gjaldið er á lagt. Gjaldauki, sem nemur minnu en 50 aurum, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur 50 aurum eða meiru.

- e. tekjuhámark það, sem samkv. 1. málsg. 24. gr. er skilyrði fyrir að njóta sjúkra- **56**
samlagshlunninda gegn greiðslu á einföldu iðgjaldi, miðast við umreiknaðar 27. júní
hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti, sbr. 2. málsg. a-liðar (55. gr.)
4. gr. laga um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt.

2. gr.

Í 2. mgr. 12. gr. laganna falli burtu orðin „en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyrr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir“.

3. gr.

Lífeyrissjóðsgjald samkv. 2. tölul. 49. gr. skal miðast við hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti.

4. gr.

Ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði Íslands þann hluta af framlagi sjóðsins samkvæmt c-lið 1. gr., sem er umfram $\frac{3}{4}$ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins samkv. 79. gr. laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir allt árið 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 73 7. maí 1940.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

57

27. júní

um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita „Hestamannafélaginu Fákí“ í Reykjavík og „Sjómannadagsráðinu“ í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði félagsins „Fáks“ af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvikinga, og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri „Sjómannadagsráðsins“, er fari fram á sjómannadaginn, renni til sjóminjasafns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.